

Fundargerð 1. fundar starfshóps um menntastefnu

Fundardagur: Föstudagur 1. febrúar 2019.
Fundarupphaf: Kl. 9.
Staðsetning: Fundarsalurinn Sandeyri.

Mætt: Kristín María Thoroddsen, Margrét Vala Marteinsdóttir og Sigrún Sverrisdóttir. Frá skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar Fanney D. Halldórsdóttir, Geir Bjarnason, Jenný D. Gunnarsdóttir og Vigfús Hallgrímsson.

Kristín stýrði fundi.

Mál sem rædd voru á fundinum:

1. mál: **Kynning á verkefni hópsins og sjónarmið.**

Farið yfir erindisbréf starfshópsins sem fræðsluráð samþykkti.

Rætt um hugtökin „skólastefna“ og „menntastefna“. Niðurstaðan að notast við hugtakið menntastefna sem sé nægilegt víðtækt fyrir sveitarfélag og misskiljist ekki við hugtakið „skólastefna“ sem á betur við sem stefna einstakra skóla. Það á jafnvel við þótt lögin segi að sveitarfélög setji sér „skólastefnu“ þótt það hugtak sé betur lýsandi fyrir stefnu einstakra skóla.

Umræða um hvort setja ætti sérstakar áherslur inn í menntastefnu, t.d. lærdómssamfélag, snemmtæk íhlutun, vaxtarlíkan (growth mindset), heilsueflandi samfélag, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, jákvæð sálfræði og jákvæð hegðunarmótun (PMTO/SMT).

Velt upp hvernig ætti að leggja upp tímaplan fyrir framhaldsvinnuna og skipulag þess, t.d. hvað varðar uppbyggingu væntanlegrar menntastefnu í því að búa til inntak hennar. Sérhver aðili í hópnum leggi til eigin hugmyndir í plan á næsta fundi.

Umræða um hvernig setja ætti upp samhengið, t.d. menntastefna til 10 ára, hver meirihluti setur fram sína forgangsröð í meirihlutasanningi á fjögurra ára fresti og hver skóli setji fram sínar áherslur árlega (starfsáætlun og skólanámskrá sem „skólastefna“). Einnig umræða um samhengi menntastefnu við fjölskyldustefnu bæjarins. Einnig hvort huga þurfi að því að einstaka stefnur bæjarins séu í samhengi við hver aðra, bæði hvað varðar uppbyggingu og framsetningu.

Velt upp með hugmyndir að mögulegum ráðgjöfum og hugmyndum sem ætti að nýtast í vinnunni í framhaldin, þ.e. ráðgjafar og sjónarmið verði ljós þegar fræðsluráð fær tillögur hópsins í vor.

Umræða um hópa sem eigi að tengjast vinnunni sem fer í framhaldinu við hagsmunaðilana sem munu vinna með starfshópi (þessum eða nýjum), þ.e. hverjir eru þeir (t.d. foreldrar, íþróttafélög, starfsfólk skóla, stjórnámamenn)

Skilgreina tímalínu á næsta fundi fyrir vinnu hópsins til vors.

Menntastefnan þarf að endurspeglar öll pólitísk sjónarmið, þ.e. enginn flokkur hefur leyfi til að setja í gang verkefni sem brýtur menntastefnu. Ef fyrirhugað er að setja í gang verkefni sem eru í andstöðu við menntastefnu þarf að breyta stefnunni áður en verkefni eru sett í gang. Menntastefnan þarf að vera það „víð“ að allir stjórnámáflokkar sjái möguleika í að nýta stefnuna og hafi tækifæri til að skilgreina sína forgangsöröðun innan hennar.

Rætt um nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar (og reyndar fleiri sveitarfélaga) sem þykir á margan hátt áhugaverð. Þar er dæmi um mjög víða áherslu sem gefur marga möguleika til útfærslna.

2. mál: **Fundartímar.**

Fundir annan hvern föstudag kl. 9-10.

Fleiri mál ekki rædd. Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 15. febrúar 2019 á sama tíma.

Fundarslit kl. 10.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson